

**Nr. 121/09 Höfrungur III AK 250*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1902  
Smíðaður: Noregur 1988, stál  
Stærð: 784 brl. 1521 bt.  
Mesta lengd: 55,6 m Skráð lengd: 47,52 m  
Breidd: 12,8 m Dýpt: 8 m  
Vél: Wichmann 3000 kW, 1988  
Fjöldi skipverja: 27



Höfrungur III©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 30. maí 2009 var Höfrungur III AK 250 á togveiðum á Hampiðjutorgi. Veður: NA 10 m/sek.

Einn skipverja var við vinnu í lest og ætlaði að fara af steisnum út í síðu en þegar hann beygði sig undi fjöl sem þarna var féll hann fram fyrir sig niður á svæðið úti í síðunni. Hann lenti á „fjórum fótum“ og rann svo vinstri handleggur lenti undir honum en við það fór hann úr axlarlið.

***Við rannsókn kom fram:***

- að kössum var raðað um einum metra hærra í steisnum heldur en út í síðunni;
- að slasaði sagðist ekki hafa runnið né kassabönd flækst við fætur hans. Hreyfing skipsins hafi ekki ollið þessu enda verið nær engin. Fæturnir hafi einfaldlega orðið eftir þegar hann beygði höfuðið undir fjölinu og ætlaði að stíga niður á svæðið í síðunni;
- að slasaði sagðist ekki hafa verið þreyttur því hvíldartími hafi verið nægur og reglulegur.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.